

Efni: Kynning á meginþáttum samkomulags Suðurorku og nærsamfélags vegna Búlandsvirkjunar

Ágæti landeigandi/ábúandi,

undanfarin tæp tvö ár hefur farið fram vinna á vegum veiðifélags Skaftártungumanna vegna málefna Búlandsvirkjunar í Skaftártungu sem Suðurorka ehf vinnur að þróun á. Vinnan á vegum veiðifélagsins var kynnt og henni stýrt af félagsfundum veiðifélagsins í janúar 2014, ágúst 2014 og nú síðast 23. september 2015 en sá fundur fól stjórn veiðifélagsins að fara með málið.

Frá lokum október 2015 hefur stjórn veiðifélagsins, Sigurður Ólafsson formaður, Sigfús Sigurjónsson og Elín Heiða Valsdóttir meðstjórnendur, auk Vals Oddsteinssonar úr síðasta vinnuhóp um málefnið, unnið með framkvæmdastjóra Suðurorku að frágangi þeirrar lausnar, til mótvægis áhrifaþátta nærsamfélags, sem kynnt var á síðasta fundi. Afrakstur þeirrar vinnu er meðfylgjandi *Minnisblað Meginþættir samkomulags Suðurorku og nærsamfélags vegna Búlandsvirkjunar*.

Aðilar hafa komið sér saman um að framkvæmdastjóri Suðurorku fylgi eftir minnisblaðinu með kynningarfundum með landeigendum og ábúendum lögbýla í Skaftártungu sem hefjast 1. desember. En haft verður samband við hagsmunaaðila og þeim boðið til kynningarfundar í Tunguseli eða heima á bæjum eftir samkomulagi við hvern og einn. Á þeim fundum verður einnig farið yfir framangreint minnisblað lið fyrir lið en einnig kynnt áætluð réttindagjöld og greiðslur til hvernjar jarðar um sig í samræmi lausnina.

Það er ósk undirritaðs að landeigendur sjái sér fært að kynna sér efnið og lýsa afstöðu sinni til lausnarinnar að kynningu lokinni til að unnt sé að ljúka sem fyrst drögum að samningi sem síðasti félagsfundur veiðifélagsins fól stjórn félagsins að vinna.

Virðingarfyllt,

Guðmundur Valsson

Hjálagt: Minnisblað – Meginþættir samkomulags Suðurorku og nærsamfélags vegna Búlandsvirkjunar

Samrit sent á landeigendur og ábúendur í Skaftártungu